

122

9. des.

9. gr.

Ef maður leiðir ungmenni innan 21 árs á siðferðilega glapstigu eða lætur saurlífi viðgangast í húsum sínum, bifreiðum eða öðrum þeim stöðum, sem hann ræður yfir, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum. Auk refsingar má svipta hann réttindum samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. desember 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

123

9. des.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að hann telji, að nauðsyn beri til að heimila loftvarnarnefndum að skylda húsaeygendur til að hafa í húsum sínum nauðsynleg eldvarnartæki.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum bætist:

Húsaeygendum skal skylt, hinu opinbera að kostnaðarlausu, að annast um, að til séu í húsum þeirra nauðsynleg eldvarnartæki, eftir því sem loftvarnarnefnd með samþykki bæjar- eða sveitarstjórnar nánar ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. desember 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.